

Utanríkisráðuneytið
b/t Össurar Skarphéðinssonar
Rauðarárstíg 25
IS-150 Reykjavík

Reykjavík 24. ágúst 2011

Herra utanríkisráðherra, Össur Skarphéðinsson

Það hefur ekki farið fram hjá neinum að í gangi eru umræður milli Íslands og ESB. Hins vegar hefur verið erfitt fyrir almenning að átta sig á því hvort hér sé um að ræða samningaviðræður um hugsanlega aðild, sem svo verður borin undir ákvörðun almennings í almennum kosningum. Eða hvort hér sé um að ræða aðlögunartímabil þar sem Ísland verður að fara að öllum kröfum ESB og það sé í raun ekkert til að semja um.

Til að fá á hreint eðli viðræðanna og hvort hér sé um að ræða aðlögun eða ekki, óskar Umbótahreyfingin eftir því að þú svarir eftirfarandi spurningum:

- I. Samkvæmt bæklingnum *Understanding Enlargement – The European Union's enlargement policy*, sem útgefinn var 2007 kemur fram eftirfarandi í undirkaflanum "Accession negotiations" á blaðsíðu 9 (http://ec.europa.eu/enlargement/pdf/publication/enl-understand_en.pdf);

First, it is important to underline that the term "negotiation" can be misleading. Accession negotiations focus on the conditions and timing of the candidate's adoption, implementation and application of EU rules – some 90,000 pages of them. And these rules (also known as "acquis", French for "that which has been agreed") are not negotiable. For candidates, it is essentially a matter of agreeing on how and when to adopt and implement EU rules and procedures. For the EU, it is important to obtain guarantees on the date and effectiveness of each candidate's implementation of the rules.

Þarna kemur skýrt fram að það sé ekki um að ræða samningaviðræður við umsóknarlönd, heldur óumsemjanlega aðlögun að öllu regluverki ESB eins og það er á þeim tíma. Í ljósi þessa, getur þú staðfest að engin lög eða reglugerðir ESB, þ.e. ekki EES tengd, verði samþykktar fyrr en eftir að almenningur hefur kosið um "samninginn" í þjóðaratkvæði.

- II. Samkvæmt fréttatilkynningu ESB vegna loka samningsferlisins við Króatíu, kemur eftirfarandi fram (<http://europa.eu/rapid/pressReleasesAction.do?reference=IP/11/824&format=HTML&aged=0&language=EN&guiLanguage=en>);

Today's decision marks a successful end to six-years of negotiations during which Croatia has been asked not only to adopt new laws and regulations to comply with EU standards, but also to implement them, thus proving the reforms have taken an irreversible course of action.

Þarna kemur fram að á sex ára samningstímanum hafi Króatía ekki aðeins verið beðin um að taka upp lög og reglugerðir ESB, heldur einnig hrinda þeim í framkvæmd á óafturkræfan

hátt. Þetta á sér stað áður en "samningurinn" verður samþykktur af ESB eða Króatíu. Við spyrjum því hvort Ísland standi frammi fyrir því að þurfa að taka upp öll lög og reglugerðir ESB áður en niðurstaðan verður borin undir almenning í þjóðaratkvæðisgreiðslu.

III. Samkvæmt samningsmarkmiðum ESB *Negotiation Framework* frá 2010 kemur eftirfarandi fram í grein 19 (http://ec.europa.eu/enlargement/pdf/iceland/st1222810_en.pdf):

In the period up to accession, Iceland will be required to progressively align its policies towards third countries and its positions within international organisations with the policies and positions adopted by the Union and its Member States.

Samkvæmt þessu ákvæði þá ber Íslandi að aðlaga utanríkisstefnu sína að stefnu ESB áður en að innlimun kemur. Samkvæmt þessu hefur Ísland ekki sjálfstæða utanríkisstefnu, óháð því hver niðurstaða þjóðaratkvæðis verður. Umbótahreyfingin vill því að upplýst verði um það hvort Ísland hafi, nú þegar, tekið ákvarðanir í utanríkismálum samkvæmt stefnu ESB.

IV. Samkvæmt umboði Alþingis, þá á að bera niðurstöðu samninga undir almenning í þjóðaratkvæðagreiðslu. Hvort er skilningur ráðuneytisins og ríkisstjórnarinnar, að niðurstaða þjóðaratkvæðagreiðslunnar sé ráðgefandi eða bindandi.

Umbótahreyfingin óskar þess að þessum spurningum verði svarað innan 14 daga frá dagsetningu þessa bréfs. Hafi ekki borist svar innan þess tíma, þá verður litið svo á að viðræður Íslands og ESB séu aðlögunarviðræður þar sem Íslandi beri að uppfylla öll skilyrði aðildar áður en að aðild verður og að ríkisstjórn Íslands líti svo á að þjóðaratkvæði um samninginn aðeins ráðgefandi, enda ekki ástæða til annars þar sem Ísland verður hvort eð er búið að skuldbinda sig ESB áður en að þjóðaratkvæðagreiðslunni kemur.

Virðingarfyllst,

Jón Lárusson
formaður Umbótahreyfingarinnar

[▲] Þetta er opið bréf og verður strax birt á heimasíðu félagsins www.umbot.org auk þess sem fjallað verður um það á blog síðum og það sent fréttamiðlum. Bréfið er sent ráðuneytinu í tölvupósti á postur@utn.stjr.is auk þess sem frumrit er sent í almennum pósti.